

Mánudaginn 18. ágúst 1997.

Nr. 329/1997.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Ólafi Kristjánssyni

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Garðar Gíslason.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. ágúst 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. ágúst 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 5. september 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Eins og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði, er fullnægt skilyrðum 106. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, meðan á fresti hans til áfrýjunar stendur, samkvæmt 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. ágúst 1997.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að dómfellda, Ólafi Kristjánssyni, kt. 090369-4909, með lögheimili að Kleppsvegi 120, en dvalarstað að Frostafold 30, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, meðan hann íhugar hugsanlega áfrýjun dómsins, er kveðinn var upp yfir honum fyrr í morgun, þó eigi lengur en til föstudagsins 5. september nk. kl. 16.00.

Með dómi, upp kveðnum fyrr í dag, var dómfelldi dæmdur til að sæta fangelsi í tvö ár og sex mánuði fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga. Eftirstöðvar reynslulausnar hans voru dæmdar með.

Ákærvald reisir kröfu sína um framlengingu gæsluvarðhalds á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 106. gr. sömu laga.

Verjandi dómfellda mótmælir framlengingu. Vísar hann m. a. til 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, einkum c-liðar.

Niðurstaða.

Dómfelldi, Ólafur Kristjánsson, hefur verið sakfelldur fyrir þátttöku í broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga. Áfrýjun dómsins hefur ekki verið ráðin.

Með hæstaréttardómi 3. júlí sl. var dómfellda gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag á grundvelli c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt þessu fordæmi og öðrum haggar 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu ekki gildi ákvæða XIII. kafla laga nr. 19/1991. Verður dómfellda samkvæmt 2. mgr. 103. gr., sbr. 106. gr., gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 5. september nk. kl. 16.00, en lok gæsluvarðhalds verða ekki bundin við ákvörðun um áfrýjun.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómfelldi, Ólafur Kristjánsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi til föstudagsins 5. september 1997 kl. 16.00.
